

veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 4. gr. reglugerðar nr. 423 29. nóvember 1977, um veiðar í þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 81.

31. janúar 1978.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 1. janúar til loka loðnuvertíðar 1978:

Loðnumjöl, \$ 7.10 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 405.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ = 212.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af mismuni söluverðs og viðmiðunarverðs í Bandaríkjadollurum, hvort tveggja reiknað á genginu \$ 1 = 212.80, en aftur á móti 75% af mismuni þess viðskiptagengis, sem framleiðslan selst á, og genginu \$ 1 = 212.80.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. janúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.

Nr. 82.

2. febrúar 1978.

REGLUGERÐ

um löndun á loðnu til bræðslu, frystingar og hrognatöku.

1. gr.

Loðnuverksmiðjur skulu tilkynna loðnunefnd daglega eða svo oft sem nefndin ákveður, um móttökurými á hverjum þeim tíma, sem nefndin óskar. Nefndin ákveður síðan og tilkynnir veiðiskipum hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

2. gr.

Nú hefur loðnunefnd tilkynnt að löndun í ákveðna verksmiðju skuli hefjast á ákveðnum tíma og má þá ekki hefja löndun fyrir þann tíma þótt móttökurými sé fyrir hendi. Þó getur loðnunefnd ef sérstaklega stendur á leyft löndun almennt eða úr ákveðnu skipi eða skipum fyrir auglýstan tíma, en getur þá ákveðið að viðkomandi skip haldi ekki aftur til veiða fyrr en á tilsettum tíma, sem loðnunefnd ákveður með hliðsjón af því hvenær skipin hefðu með réttu lagi losnað við farma sína samkvæmt rétttri löndunarröð og því hvenær löndun átti að hefjast.

3. gr.

Skip, sem landa loðnu til hrognatöku og bræðslu skulu hlíta sömu reglum og skip, sem landa loðnu til bræðslu.

Loðnunefnd getur leyft löndun til hrognatöku og bræðslu fyrir auglýstan löndunartíma hjá verksmiðju án þess að viðkomandi skip fari í rétta löndunarröð, enda tefjist löndun úr öðrum skipum ekki af þessum sökum. Nefndin skal gæta þess, að raska ekki þannig rétttri löndunarröð nema til þess að taka skip með afla nýtanlegan til hrognatöku fram fyrir skip með afla, sem ekki verður nýttur til hrognatöku. Úrskurðarvald um þetta atriði hefur Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Skip, sem fengið hafa forgangslöndun samkvæmt þessari grein skulu ekki halda til veiða aftur fyrr en á tilsettum tíma, sem nefndin ákveður með hliðsjón af því hvenær viðkomandi skip hefði með réttu lagi losnað við farm sinn, ef það hefði verið í rétttri löndunarröð með öðrum skipum.

4. gr.

Skip, sem landa loðnu til frystingar, þurfa ekki að fara í löndunarröð með skipum, sem landa loðnu til bræðslu. Við það skal þó miðað, að þetta gildi að jafnaði einungis um farma, sem ekki eru stærri en 120 lestir.

Loðnunefnd skal tilkynnt svo fljótt sem verða má um hverja forgangslöndun samkvæmt þessari grein og skal nefndin, eftir því sem við verður komið, fylgjast með því, að frystur sé sá hluti viðkomandi farms, sem til þess er nýtanlegur og ekki sé um það að ræða, að afla sé ekið gegnum frystihús til verksmiðju.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða getur jafnan úrskurðað að ákveðnir farmar séu óhæfir til frystingar og verður þá viðkomandi skip að fara í löndunarröð með öðrum skipum, sem landa til bræðslu, þar sem laust er löndunarrými.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal enn fremur vera loðnunefnd til ráðgjafar um það hvort nýtanleg loðna sé fryst eða ekki.

Loðnunefnd ákveður hverju sinni hve miklum hluta afla megi landa beint til verksmiðju til þess að tæma þau skip, sem landa til frystingar, en skal við það miðað, að þetta magn fari að jafnaði ekki yfir 25% aflans.

5. gr.

Loðnunefnd getur haft sérstaka trúnaðarmenn til þess að afla upplýsinga og líta eftir því að ákvörðunum nefndarinnar og öðrum reglum sé framfylgt. Er skylt að veita þeim þá aðstöðu um borð í veiðiskipum eða í vinnslustöðvum sem við verður komið án verulegs óhagræðis.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar eða fyrirmælum loðnunefndar samkvæmt þeim skulu sæta viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 97 7. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu sbr. lög nr. 98 31. desember 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. og 6. gr. laga nr. 97 27. desember 1973 um löndun á loðnu til bræðslu, sbr. lög nr. 98 31. desember 1974, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Dórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum við Snæfellsnes.

1. gr.

Þar til annað verður akveðið verða allar línuveiðar bannaðar við vestanvert Snæfellsnes. Svæðið afmarkast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, að sunnan (suðaustan) afmarkast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi suður frá Malarrifsvita. Að vestan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 4 sjómilur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976.

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. febrúar 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.